

## **Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna:**

Lagt er til að settur verði á fót starfshópur um framtíðarskipan stjórnunar í leikskólunum Suðurborg og Hólaborg með teymisstjórnun og aukið samstarf að leiðarljósi, í anda nýrrar menntastefnu Reykjavíkur. Áður samþykkt tillaga skóla- og frístundaráðs frá 28. febrúar 2019 um sameinaða yfirstjórn leikskólanna Suðurborgar og Hólaborgar er dregin til baka. Auglýstar verði stöður leikskólastjóra beggja leikskóla og faglegt sjálfstæði þeirra áréttað en lögð áhersla á aukið samstarf þeirra á sviðum fagstarfs, stjórnunar, mannauðsmála og rekstrar. Verkefni starfshópsins verði að móta og leggja fram tillögur varðandi aukið samstarf, breytta verkaskiptingu og betri nýtingu mannauðs og fjármagns í leikskólunum tveimur. Starfshópurinn verði skipaður fulltrúum stjórnenda, starfsfólks og skóla- og frístundasviðs. Hópurinn skal jafnframt hafa samráð við foreldraráð beggja leikskóla. Hópurinn skili tillögum sínum fyrir 1. desember 2019.

### **Greinargerð**

#### **1. Forsaga málsins**

Á **151. fundi skóla- og frístundaráðs, sem haldinn var 8. janúar 2019** var lögð fram tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um sameiningu leikskólanna Suðurborgar og Hólaborgar í Breiðholti. Skóla – og frístundaráð samþykkti að vísa tillögunni til umsagnar foreldraráða og foreldrafélaga leikskólanna, jafnframt því að kynna hana starfsfólki leikskólanna og gefa þeim kost á umsögnum. Umsagnir bárust frá foreldrum í Suðurborg og foreldrum og foreldraráði Hólaborgar, kennurum í Hólaborg og starfsfólki Suðurborgar auk starfandi leikskólastjóra beggja leikskólanna.

Umsagnirnar voru lagðar fram á **154. fundi skóla- og frístundaráðs sem haldinn var 28. febrúar 2019**, ásamt bréfi nokkurra starfsmanna Suðurborgar, ódags. og vinnuskjali vegna Hólaborgar og Suðurborgar, dags. í febrúar 2019.

Á fundinum var lögð fram breytingatillaga um að einvörðungu yrði sameinuð yfirstjórn leikskólanna undir stjórn eins leikskólastjóra en ekki yrðu gerðar aðrar breytingar á starfsheitum, stefnu eða áherslum í innra starfi leikskólanna. Tillagan var samþykkt samhljóða og vísað til borgarráðs. Áður en kom til afgreiðslu tillögunnar í borgarráði var óskað eftir frestun á málinu til að freista þess að ná meiri sátt um niðurstöðuna við stjórnendur, starfsfólk og foreldra á vettvangi. Eftt var til funda með stjórnendum leikskólanna þar sem ræddar voru ýmsar hugmyndar um mögulegar leiðir til útfærslu á skipulagsbreytingum.

#### **2. Ný tillaga í ljósi nýrrar menntastefnu Reykjavíkurborgar**

Menntastefna Reykjavíkurborgar hvetur okkur til að þróa skóla- og frístundastarf í skapandi lærdómssamfélag sem mætir þörfum 21. aldarinnar. Stefnan hverfist um börnin, þarfir þeirra og velferð í nútíð og framtíð en um leið valdeflingu starfsfólks og aukna fagmennsku í skóla- og frístundastarfi. Í stefnunni er lögð áhersla á að í skóla- og frístundastarfi borgarinnar starfi framsækið starfsfólk sem rýnir eigin starfsaðferðir, vinnur saman að sameiginlegum markmiðum og tileinkar sér nýja starfs- og kennsluhætti. Þá er undirstrikað að það þurfi að styðja faglegt frumkvæði starfsfólks, veita því rík tækifæri til starfsþróunar og markvissa ráðgjöf og handleiðslu í starfi.

Í ljósi menntastefnunnar er mikilvægt að auka stuðning skóla- og frístundasviðs við leikskóla, grunnskóla og frístundastarf í nærumhverfi þeirra og styðja starfsstöðvar sviðsins til aukins samstarfs og fagmennsku. Í því ljósi er áður samþykkt tillaga um sameinaða yfirstjórn leikskólanna Suðurborgar og Hólaborgar dregin til baka en þess í stað lagt til að skipaður verði starfshópur um framtíðarskipan stjórnunar í leikskólunum tveimur. Starfshópurinn vinni út frá áherslum menntastefnunnar með aukið faglegt samstarf skólanna að leiðarljósi en leikskólarnir verði eftir sem áður undir stjórn leikskólastjóra á hvorum stað. Auglýstar verða stöður leikskólastjóra á hvorum leikskóla fyrir sig.

Markmið starfshópsins verði að útfæra hugmyndir um samstarf og teymisstjórnun innan hvors leikskóla og milli skólanna, létta álagi af leikskólastjórum, styrkja millistjórnendur í hlutverkum sínum, skoða með hvaða hætti stöðugildi s.s. aðstoðarleikskólastjóra, sérkennslustjóra, verkefnisstjórnun vegna barna af erlendum uppruna nýtist best, virkja betur miðlæga þjónustu í borgarhlutanum með aukna dreifstýringu að leiðarljósi og nýta betur fjármagn og mannauð í leikskólunum tveimur. Stefnt verði að sambærilegri hagræðingu og í fyrrnefndri tillögu um sameiginlega yfirstjórn leikskólanna.

Stefnt verði að því að Suðurborg og Hólaborg geti orðið ákveðin fyrirmynd varðandi nýjar áherslur í stjórnun og mannauðsmálum í skóla- og frístundastarfi.

Lagt er til að starfshópurinn verði skipaður stjórnendum Suðurborgar og Hólaborgar og fulltrúum starfsfólks beggja leikskóla auk fulltrúa sviðsins. Þá verði leitað álits foreldraráða leikskólanna. Starfshópurinn skili tillögum sínum eigi síðar en 1. desember 2019.